



Amadou & Mariam með plötu vikunnar á Rás 2 *Welcome to Mali*

Platan inniheldur afrískt/vestraent popp af bestu gerð og hefur slegið í gegn um heim allan. Á tónleikum Amadou & Mariam og hljómsveitar á Listahátíð 12. maí munu hljóma lög af þessari eldhressu plötu í bland við annað efni úr smíðju þeirra hjóna.

Velkomin til Malí á Listahátíð í vor!

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Hagstætt miðaverð

Eins og ævinlega kappkostar Listahátíð nú að bjóða gestum sínum fjölbreytta dagskrá og aðgöngumiða á hagstæðu verði eða allt frá 1.000 kr. Dagskráin í ár spannar allt frá **húslestrum höfundu** í heimahúsum til stórtónleika í **Höllinni**. Einnig er boðið upp á **götuleikhús** í miðbænum, **samræðu um tónlist í samtímanum** og fjölda **ljósmyndasýninga** í söfnum, galleríum og á götum úti, þar sem aðgangur er ókeypis.

[Sjá heildardagskrá Listahátíðar](#)

Mörg verk frumflutt

Í ár leiða margir íslenskir og erlendir listamenn saman hesta sína og frumflytja ný verk. **Sinfóníu-hljómsveit Vaasa borgar** ásamt **CAPUT** og einleikurum frumflytja á Íslandi **Flautukonsert nr. 2** eftir **Atla Heimi Sveinsson**. **Njúton** og **The Formalist Quartet** flytja nýtt verk **Atla Ingólfssonar** og **Adapter** frumflytur á Íslandi splunkuný tónverk eftir tvö finnsk tónskáld, **Antti Auvinen** og **Sami Klemola**, sem samin voru sérstaklega fyrir hópinn. **Benni Hemm Hemm** fær til liðs við sig hinn skoska **Alasdair Roberts** og saman flytja þeir nýja tónlist sína með fulltingi **Bláasaraveitar Reykjavíkur**.

[Sjá heildardagskrá Listahátíðar](#)

Spennandi leikhús

Á Listahátíð í ár eru spennandi leiksýningar af ólíkum toga og ætti allt leikhúsáhugafólk að finna eitthvað við sitt hæfi. Í samstarfi við Borgarleikhúsið verða tvær sýningar á litháískri uppfærslu á hinu klassíska verki **Rómeó og Júlíu**. Í Þjóðleikhúsinu verða magnaði heimilistækjasirkusinn **Af ástum manns og hrærivélar**, tónævintýrið **Herra Pottur og ungrú Lok** og íslenska dansverkið **Bræður**. Auk þess verður kanadísk brúðuleiksýning í miðbæ Reykjavíkur, **Punzelle**, sem byggir á Grimmsævintýrinu Rapunzel.

[Sjá heildardagskrá Listahátíðar](#)

